

# Áveitan

7. tbl. 3. árgangur. Júlí 2009

## Þjótandi

*Nafn á nýtt sameiginlegt keppnislið  
ungmennafélaganna hefur verið valið*

Formenn Umf. Baldurs, Samhygðar og Vöku hittust fyrir skemmstu til að koma sér saman um nafn á nýtt sameiginlegt keppnislið ungmennafélaganna á héraðsmótum HSK. Formennirnir fóru yfir þær tillögur sem sendar höfðu verið inn og veltu ýmsum möguleikum fyrir sér. Að endingu náðist sameiginleg niðurstaða: Þjótandi er nafnið á nýja keppnisliðið. Nafnið vísar beint til bæjarnafnsins Þjótanda sem stóð í Villingaholtshreppi og eins er orðið þjált og lýsandi fyrir markmið liðsins, en það er að *þjóta* í mark með ungmennafélagsandann að leiðarljósi. Keppt var fyrst undir merkjum Þjótanda á héraðsmóti fullorðinna og síðan barna og unglinga nú um daginn.

Félögin þakka fyrir innsendar tillögur að nafni en óska nú eftir tillögum að merki Þjótanda. Frestur er til næstu mánaðarmóta og tillögur sendist til formannanna sem áður.

Baldur: Haukur Gíslason

[haukur@floahreppur.is](mailto:haukur@floahreppur.is)

Samhygð: Stefán Geirsson

[stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com)

Vaka: Haraldur Einarsson

[hallieinars@hotmail.com](mailto:hallieinars@hotmail.com)



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@visir.is

### Frá sveitarstjóra

#### **Íbúafundur um lausagöngu búfjár og veggirðingarmál**

Íbúafundur um lausagöngu búfjár, veggirðingarmál ofl var haldinn í Þingborg fimmtudaginn 11. júní s.l.

Ólafur Dýrmondsson, ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands hélt framsöguerindi þar sem m.a. kom fram að nauðsynlegt væri fyrir Flóahrepp að gera drög að samþykkt um búfjárhald.

Hann taldi að skoða þyrfti hvort að vegstæði Þjóðvegur 1, Flóavegar, yrði fríðað fyrir lausagöngu. Gera mætti samning við Vegagerðina um að girða og sjá um viðhald hennar gegn því að sveitarfélagið tæki upp lausagöngubann og sæi um hreinsun á vegstæði sambærilegt við það sem t.d. Mýrdalshreppur hefur gert. Ólafur taldi einnig rétt að banna lausagöngu stórgripa í sveitarfélaginu. Í máli hans kom fram að með breyttum búskaparháttum væru æ fleiri sem hefðu ama af ágangi sauðfjár sem gengur laust í sveitarfélögum og að halda þyrfti því fé innan girðingar sem ekki væri keyrt á afrétt á sumrin.

Flestir bændur sem tóku til máls voru ekki hlynntir því að lausagöngubann yrði sett á og töldu að lausaganga búfjár væri ekki vandamál í Flóahreppi.

#### **Deiliskipulag við Flóaskóla**

Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Flóaskóla og Þjórsárver. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir stækkun skólahúsnæðis og íþróttahúss, gert ráð fyrir sundlaugarsvæði, stækkun félagsheimilisins Þjórsárvers og byggingarreitum fyrir tvö íbúðarhús. Þá er gert ráð fyrir að leiksvæði og bílastæði stækki.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps að Þingborg og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 11. júní til 23. júlí 2009. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Flóahrepps, [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 23. júlí 2009 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykktur henni.

## **Framkvæmdir við Flóaskóla**

Hönnunarvinna við útlit viðbyggingar við Flóaskóla stendur nú yfir en M2 teiknistofa ehf var fengin til verksins eftir auglýsingu um verðhugmyndir. Auglýst hefur verið eftir verðhugmyndum í framkvæmdir við viðbyggingu samkvæmt þeim teikningum og þarfagreiningu sem nú eru til staðar en sveitarstjórn mun ekki taka ákvörðun um hvort ráðist verði í framkvæmdir fyrir en kostnaður við byggingu liggur fyrir.

Stefnt er að því að ákvörðun um það verði tekin um miðjan júlí.

Aðaluppdrættir/byggingarnefndarteikningar verða ekki endanlega tilbúnar fyrir en í haust.

Það var stefna sveitarstjórnar allt frá upphafi umræðu um hugsanlegar framkvæmdir við Flóaskóla að þær verði eins hagkvæmar fjárhagslega og unnt er. Það markmið hefur verið haft að leiðarljósi í allri undirbúningsvinnu.

Þess má einnig geta að verið er að gera Skólatún, aðra íbúðina við Flóaskóla, tilbúna til kennslu næsta vetur en reiknað er með að 8. bekkur hafi aðstöðu þar. Húsið hefur verið tekið út af Brunavörnum Árnæssýslu og Heilbrigðisefirliti Suðurlands sem gerðu litlar sem engar athugasemdir við það að kennsla yrði í húsinu.

## **Samningur við skólabílstjóra**

Samið hefur verið við nánast alla skólabílstjóra sveitarfélagsins um áframhaldandi akstur næsta skólaár en vegna breytinga í skólaakstri var samningum við þá sagt upp eftir síðustu áramót.

Stærstu breytingar eru þær að 8. bekkur næsta skólaárs verður í Flóaskóla og akstur á Selfoss mun því minnka umtalsvert.

Þessi árgangur er óvenjustór eða um 15 nemendur.

## **Vinnuskóli**

Vinnuskólinn fór vel af stað og unglíngarnir hafa staðið sig afar vel, vinnusöm og dugleg.

Þau hafa að hluta verið við störf og kennslu við Íslenska bæinn í Austur-Meðalholtum undir leiðsögn Hannesar Lárussonar en sveitarstjórn ákvað að styrkja starfið þar með framlagi vinnuskólans.

Snyrtilegt umhverfi félagsheimilainna er einnig framtak vinnuskólans.

Flokkstjóri vinnuskólans er Birgitta Sigurðardóttir en hún var einnig flokkstjóri síðasta sumar.

## **Kjör oddvita og varaoddvita**

Oddviti og varaoddviti er kosinn á hverju ári í júnímánuði.

Á fundi sveitarstjórnar 3. júní s.l. var Aðalsteinn Sveinsson kjörinn oddviti með 7 atkvæðum og Guðbjörg Jónsdóttir varaoddviti, einnig með 7 atkvæðum.

## **Rit frá Stefáni Guðmundssyni**

Á skrifstofu Flóahrepps er til rit sem Stefán Guðmundsson gaf Flóahreppi árið 2008 með blöðum úr forum hans.

Þar má m.a. sjá ræðu sem haldin var við vígslu skólahúss 1969, framsögu á almennum hreppsfundum 1972 og 1981, erindi sem kallast Hitaveita eða hvað ritað í Huginn 1985, ræða flutt við skólaslit Þingborgarskóla 1989, ræða flutt við upphaf byggingar félagsheimilisins Þingborgar 1982 og vígslu hennar 1992.

Einnig má sjá í heftinu skemmtilega frásögn af framfærslu frá fyrri tíð. Heftið er aðgengilegt til lestrar hverjum sem vill á skrifstofu Flóahrepps á skrifstofutíma kl. 9.00-16.00 alla virka daga.

## **Sumarfrí félagsmálastjóra**

Nanna Mjöll Atladóttir félagsmálastjóri Flóahrepps verður í sumarleyfi vikurnar 22. júní - 10. júlí og 27. júlí - 7. ágúst.

Arndís Tómasdóttir meistaranemi í félagsráðgjöf hefur verið ráðin í sumar-afleysingar. Netfang Arndísar er: arndis@laugaras.is

Nýtt símanúmer hjá Heilsugæslunni í Laugarási þar sem félagsmálastjóri hefur aðsetur er 480-5300.

## **Byggingarframkvæmdir**

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir verðhugmyndum frá áhugasömum byggingaverktökum í viðbyggingu Flóaskóla í Flóahreppi. Um er að ræða viðbyggingu á 2 hæðum, samtals 1050 m<sup>2</sup>. að gólfleti ásamt u.þ.b. 70 m<sup>2</sup> tengibyggingu á einni hæð.

Verðhugmyndum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfossi, fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. júlí n.k.

Allar nánari upplýsingar og gögn fást á skrifstofu í síma 480-4370 eða á netfanginu floahreppur@floahreppur.is.

## **Gámasvæði**

Þeir aðilar sem nota gáma sveitarfélagsins sem nú eru staðsettir í Heiðargerði eru vinsamlegast beðnir um að flokka samkvæmt merkingum í gámana.

Þetta skiptir miklu máli því sveitarfélagið þarf að bera kostnað af akstri gámana til Reykjavíkur og flokkun úr þeim þegar ekki er rétt flokkað í gámana.

## Fréttir frá Krakkaborg

### Ágætu sveitungar

Þann 4. - 6. maí lögðum við fyrir foreldra leikskólans könnun á viðhorfi þeirra til leikskólans.

Niðurstöðurnar eru sérlega hvetjandi og sýna okkur það með skýrum hætti að við erum á réttri leið í skólastarfinu. Foreldrar virðast almennt ánægðir með skólann og ánægjulegt að sjá að allir eru mjög sammála eða frekar sammála því að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. Það sem helst virðist vera ábótavant snýr að skólahúsnæði en tekið skal fram að 70% svarenda voru mjög sammála eða frekar sammála því að skólahúsnæðið væri hentugt, 20% merktu við veit ekki og 10% frekar ósammála. Einnig kom fram að 67% aðspurðra skoða heimasíðu leikskólans reglulega en það kemur okkur ekki á óvart, sér í lagi þar sem hún er ný og á vonandi eftir að festast betur í sessi. Auk svarmöguleikanna fimm sem merkt var við í könnuninni gafst foreldrum tækifæri til að skrifa sérstakar ábendingar og koma þannig á framfæri öðrum atriðum en þeim sem könnunin tók til. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra voru mjög jákvæðar og uppbyggilegar og sneru að því hversu ánægt fólk væri með starfsfólk Krakkaborgar, það jákvæða viðmót sem foreldrar upplifa í leikskólanum og hversu persónulegur skólinn er. Einnig var fólk ánægt með útisvæðið, matjurtargarðinn, salinn í Þingborg og Regnbogakór Krakkaborgar svo fátt eitt sé nefnt. Mikil ánægja ríkir meðal starfsfólks Krakkaborgar með niðurstöðu könnunarinnar því ekkert er eins ánægjulegt og að uppskera því sem til hefur verið sáð.

Vorhátíð Krakkaborgar var haldin þann 27. maí. Hátíðin tókst í alla staði mjög vel og vorum við starfsfólk Krakkaborgar afskaplega stolt af börnunum okkar sem fluttu skemmtiatriði af miklu öryggi og sjálfstrausti. Að þessu sinni voru það átta börn sem útskrifuðust frá Krakkaborg. Það voru blendnar tilfinningar sem bærðust um í brjóstum fólks enda um merk tímamót að ræða. Það er gaman að geta þess að þau Ragnar Sigurjónsson og S. Oddný Stefánsdóttir í Brandshúsum, foreldrar Ásthildar útskriftarstúlku, voru sérlega rausnarleg og gáfu öllum útskriftarbörnum leikskólans boli að gjöf í tilefni dagsins. Á bolunum var áletrað að framanverðu „Ég fer í Flóaskóla“ og að aftanverðu „Krakkaborg 2009“. Þar sem að sögn Oddnýjar, móður Ásthildar, er verið að kveðja gott, skemmtilegt og mikilsvert skólastig um leið og nýju er heilsað. Við þökkum þeim kærleg fyrir gjöfina og þá fallegu hugsun sem að baki hennar býr. Þeirra framlag og hugur er dæmi um fyrirmyndar samskipti og mér er sérlega ljúft að geta deilt þessu með ykkur. Því ekkert er mikilvægara í leikskólastarfinu en gott og traust samstarf á milli leikskólans og þeirra fjölskyldna er að honum koma. Starfsfólk Krakkaborgar þakkar börnunum og fjölskyldum þeirra kærlega fyrir samveruna um leið og við óskum þeim velfar-

naðar í framtíðinni. Við erum sannfærð um að þau eigi eftir að standa sig með stakri þryði í Flóaskóla. Við þökkum einnig foreldrafélagi Krakkaborgar kærlega fyrir kaffiveitingarnar á Vorhátíðinni sem og glimrandi gott samstarf á liðnum vetri.

Miðvikudaginn 10. júní fengum við skemmtilega heimsókn í leikskólann því tveir slökkviliðsmenn frá Brunavörnum Árnassýslu komu í heimsókn til okkar á slökkvibíl. Krakkarnir tóku vel á móti þessum heiðursmönnum og spurðu þá margra spurninga um brunavarnir og margt fleira. Börnin fengu að skoða vatnsbyssuna og sprautu vatni yfir allt útisvæðið og vini sína líka. Eftir að hafa vökvað garðinn og aðra viðstadda vel og vandlega fengu þau að skoða slökkvibílinn sem vakti eins og gefur að skilja mikla lukku. Þessi heimsókn var liður í samstarfsverkefni Tígradeildar og Brunavarna Árnassýslu um eldvarnir og forvarnir í leikskólastarfinu. Við þökkum slökkviliðsmönnum kærlega fyrir heimsóknina og hlökkum til að halda samstarfinu áfram á næsta ári.

Föstudaginn 19. júní fengum við svo góða gesti í heimsókn en það voru 10 starfsmenn frá Skólum ehf., með Unni Stefánsdóttur í broddi fylkingar, sem skoðuðu leikskólann okkar og kynntu sér starfsemina. Skólar ehf. reka heilsuleikskóla og eru auk þess með ráðgjöf fyrir leikskóla sem áhuga hafa á að taka upp heilsustefnu í skólastarfi sínu. Við í Krakkaborg sýndu þeim húsnaðið, fórum yfir sögu leikskólans og þróun og sögðum frá áherslum okkar í starfi. Einnig var útisvæðið skoðað og matjurtagarðurinn. Kveikt var í báli í tilefni dagsins og grillað brauð sem gestum okkar var boðið að smakka.

Ánægjulegt er að segja frá því að undirbúningsvinna fyrir skólaársins 2009 – 2010 hefur gengið glimrandi vel og er nú lokið. Ég vil nota tækifærið og minna ykkur á að leikskólinn verður lokaður frá og með miðvikudeginum 1. júlí til og með 5. ágúst. Að síðustu þökkum við börnunum og fjölskyldum þeirra kærlega fyrir skólaárið 2008 - 2009 með von um að þið hafið það sem allra best.

Sumarkveðja,  
Karen Viðarsdóttir  
Leikskólastjóri

## **Pistill næsta mánaðar**

Ritstjórn skorar á Hauk Gíslason, formann Baldurs að skrifa pistil næsta mánaðar í Áveituna.

## Flóaskóli auglýsir laust til umsóknar hlutastarf starfsmanns í skólavistun

Um er að ræða um það bil 45-50% starfshlutfall alla virka daga, vinnutími er að jafnaði 3-5 tímar á dag eftir að hefðbundum skóladegi nemenda lýkur. Starfið felst í umsjón og vinnu með blönduðum nemendahópi 6-9 ára nemenda.

Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni sem uppfyllir m.a. þessi skilyrði:

- á auðvelt með að umgangast börn og unglinga.
- er skipulagður, stundvís og snyrtilegur í umgengni.
- á gott með samskipti við aðra.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og FOSS.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2009.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, í sínum 486-3360 / 663-5720, netfang kristin@floahreppur.is, og tekur hún jafnframt við umsóknum.

*Flóaskóli Flóahreppi 801 Selfoss [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)*

---

## **Leikskólinn Krakkaborg Flóahreppi**

Leikskólinn Krakkaborg óskar eftir starfsmanni. Leikskólinn er staðsettur 8 km austur af Selfossi og er 40 barna skóli.

Um er að ræða 50% stöðu í mötuneyti og er vinnutíminn frá kl. 9:30 – 13:30. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 5. ágúst.

Óskað er eftir jákvæðum, sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun samkvæmt kjarasamningi Foss.

Hægt er að sækja um á netinu á [www.leikskolinn.is/krakkaborg](http://www.leikskolinn.is/krakkaborg) undir flípanum

um leikskólann – starfsumsóknir. Mikilvægt er að í umsókninni sé getið um umsagnaraðila.

Öllum umsóknum verður svarað en umsóknarfrestur rennur út 7. júlí.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karen Viðarsdóttir skólastjóri í síma 482-3085/698-6148 eða með því að senda fyrirspurnir á [karen@floahreppur.is](mailto:karen@floahreppur.is)

## Verkalok í Timburhólum

Eins og menn muna var minnisvarði Vorsabæjarhjónanna, Stefáns og Guðfinnu, vígður við Timburhóla 21. september 2008 að viðstöddu fjölmenni. Vígsluhátíð var í Félagslundum og þar fluttu margir ræður og minntust þeirra hjóna. Tókst þessi samkoma eins og best var á kosið.

Í mars síðastliðinn hélt minnisvarðanefndin fund og þar var rætt um að setja upp gönguhlið við minnisvarðann. Einnig kom til tals að setja upp nýja fánastöng og ljúka frágangi á girðingunni. Dálítið var enn til í sjóði þó meginverkinu væri lokið. Jón M. Ívarsson fór austur í Dali og teiknaði upp forlata gönguhlið sem þar er að finna en Denni í Sviðugörðum tók að sér að smíða hliðið við annan mann. Í maí var svo hliðið tilbúið og sett í galvaniseringu. Í júní tók Denni sig til og gróf fyrir nýrri fánastöng og steypiti hana niður fyrir sunnan minnisvarðann. Hann sá líka um margs konar undirbúning annan varðandi uppsetningu hliðsins.

Laugardaginn 13. júní mættu Jón M. og Denni til verka í Timburhólum. Slógu upp steypumótum, settu hliðið niður norðan við varðann og steypu það fast. Unnið var með gömlu lagi og handhrært með steypuskóflum. Allt gekk þetta þó vel og tók aðeins fjóra klukkutíma.

Svo á þjóðhátíðardaginn 17. júní mættu þeir félagar aftur til leiks og nú var fáni dreginn að húni á nýju fánastönginni. Blakti hann þar fagurlega í golunni. Þá voru steypumótin tekin og fyllt að með mól. Allstórt svæði kringum nýju fánastöngina var tyrft með náttúrlegum jarðvegi og hlaðinn snyddukantur við inngönguna. Nýja hliðið var sett á sinn stað og snerist það léttilega. Svo var gengið frá öllum girðingarendum og mölinni jafnað í kringum hliðið. Þetta tók meirihluta dagsins en vinnumenn voru sammála um að þetta hefði verið skemmtilegt og viðeigandi viðfangsefni á þessum ágæta degi. Þar með má segja að verklok séu komin hjá minnisvarðanefndinni sem hóf sín störf fyrir fimm árum síðan.

Vegfarendum sem fram hjá fara gefst nú á að líta; nýtt gönguhlið og snyrtilegur frágangur við minnisvarðann. Hann er þegar orðinn eitt af helstu kennileitum sveitarinnar og skógarlundurinn orðinn vinsæll viðkomustaður hjá ferðamönnum og heimafólki.

## Árnesingur kominn út

Árnesingur, 10. rit Sögufélags Árnesinga, er nýkominn út. Þar kennir margra grasa og ein helsta greinin er fyrri hluti 100 ára sögu Samhygðar sem undirritaður setti á blað. Þar er fjallað um upphafið, Bjarmaland, bókasafn, bindindi, hjálparstarf, leiklist, félagsblaðið Viljann og íþróttamótin við Vöku svo eitthvað sé nefnt. Ýmsar gamlar góðar myndir fylgja greininni og meira segja er þar teiknuð mynd af Bjarmalandi en engin ljósmynd er til af húsinu. Forsíðuna prýða hlaupagarparnir Markús Ívarsson og Einar Hermundsson í einvígi við



Félagslund 1978.

Ásamt mörgu öðru er þarna ítarleg grein um fríkirkjuna í Gaulverjabæ og sagt lítillega frá Villingaholtskirkju. Þetta fróðlega rit er til sölu hjá Sögufélaginu og fæst einnig á skrifstofu Flóahrepps og kostar 2800 krónur. Einnig geta menn nálgast Árnesing hjá undirrituðum á enn betra verði, 2500 krónum. Áhugamenn um sögulegan fróðleik eru hvattir til að láta það ekki dragast að eignast þetta eigulega ritverk.

**Jón M. Ívarsson.**

## Til foreldra nemenda í Flóaskóla!

Kennarar og skólustjóri Flóaskóla hafa ákveðið að sjá um öll innkaup námsgagna fyrir nemendur fyrir skólaárið 2009-2010. Hófllegt gjald verður innheimt frá foreldrum til að standa straum af kostnaði. Nemendur fá þá ritföng, liti, stílabækur og önnur námsgögn þegar þeir mæta í skólann og munu geyma þau gögn í skólanum. Eftir sem áður þurfa allir nemendur að eiga pennaveski heima hjá sér (með ritföngum og litum) til að geta sinnt heimavinnu. Nemendur þurfa að sjálfsgöðu einnig að eiga áfram skólatösku, íþróttapoka og fatnað/skó til að sinna námi í íþróttum og sundi.

Þessi ákvörðun er tekin vegna áskorana frá foreldrum, góðrar reynslu úr öðrum skólum og til að einfalda skipulag bekkjarstarfsins. Þetta verður nánar auglýst í byrjun ágúst áður en skóli hefst en vinsamlegast hafið samband við mig ef þið hafið einhverjar spurningar fyrir þann tíma.

Kær kveðja, Kristín Sigurðardóttir, skólustjóri  
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

## Grillkvöld í Skagási

Hefur þig ekki alltaf langað til að skoða skógræktina í Skagásnum?

Nú er tækifærið. Heitt verður í kolunum í nýja grillinu **Þriðjudagskvöldið 21. júlí** milli kl. 8 og 10. Allir velkomnir að koma með á grillið fyrir sig og sína.

Njótum þess að hittast og matast í fallegu umhverfi.

Sjáumst sem flest.

Stjórn Skógræktarfélagins

# Frá UMF Baldri

## 17. júní í Einbúa

Ungmennafélagið hélt að venju upp á Þjóðhátíðardaginn með hátíðardagskrá í Einbúa. Dagskráin var með hefðbundnum hætti fyrir utan það að við þetta tilefni var efnt til vígslu á nýju gönguhliði inn á svæðið. Hliðið er gefið af systrasonum Guðmundar Sigurðssonar frá Austurkoti en hann eftirlét Ungmennafélaginu Einbúann árið 1932 til ræktunar. Hliðið sem er stórglæsilegt er smíðað af Ingvari Guðna á Vatnsenda í Flóahreppi.

Eru allir hvattir til að kíkja í Einbúa og skoða þetta glæsilega hlið sem veitir gestum aðgang að þessum sælureit UMF Baldurs.

## Hreinsunardagur

Mánudagskvöldið 15. júní sl. mættu þó nokkrir gallvaskir ungmennafélagar í Einbúa og hófust handa við að slá og lappa upp á svæðið. Meðal þess sem afrekað var þetta kvöldið var að setja upp minningarhlið um Guðmund Sigurðsson frá Austurkoti, einnig nýtt flott bílahlið og fánastangir sem voru gefnar til félagsins fyrir nokkrum árum. Var þetta góð kvöldstund þar sem allt sem gera átti hafðist með dugnaði þeirra sem mættu.

## Íþróttæfingar

UMF Baldur minnir á íþróttæfingar félagsins sem eru á þriðjudagskvöldum klukkan 20:30. Þar er þjálfari Rúnar Hjálmarsson.

Síðan eru alla sunnudaga líka fótboltaæfingar í Einbúa, þar sem öllum er velkomið að mæta til að hreyfa sig, hvort sem þeir eru ungir eða gamlir, stelpur eða strákar, karlar eða kerlingar. Allir að mæta og sprikla svolítið í bolta.

## Frá Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd Flóahrepps óskar eftir tilnefningum frá íbúum sveitafélagsins um umhverfisverðlaun fyrir árið 2009. Einnig er óskað eftir tilnefningum frá ungmennafélögum, búnaðarfélögum og kvenfélögum í sveitafélaginu. Hægt er að skoða verklagsreglur sem liggja til grundvallar við val á umhverfisverðlaunum á vef Flóahrepps.

Tilnefningar óskast sendar til formanns umhverfisnefndar, Almars Sigurðssonar á Lambastöðum, lambastadir@emax.is eða á skrifstofu Fóahrepps.

Umhverfisnefnd Flóahrepps.

# Úrslit af 17. júní móti Umf. Samhygðar 2009

Raðað eftir stafrófsröð

## Strákar

Nafn	ár	60 m	sek	langst.m.	400 m	min
Arnar Daði Þórisson	2007	32,0				
Ágúst Þorsteinsson	2004	19,3		1,69		
Ármann Baldur Bragason	2003	13,5		1,90	2:16,2	
Árni Már Ólafsson	2000			2,36		
Fróði Kristinsson	2005	29,5		1,12		
Geir Logi Þórisson	2005	20,3		1,20		
Guðjón Leó Tyrfingsson	2001	12,9		2,23		
Guðlaugur Ísak Gíslason	1998	11,0		3,04		
Guðmundur Steindórsson	2005	21,9		1,22		
Haukur Snær Gunnarsson	1996	11,2		3,11	1:47,1	
Kári Kristinsson	2001	13,5		1,91		
Magnús Benediktsson	1999	13,4		2,18	2:36,4	
Matthías Björn Gíslason	2001	13,6		1,61		
Ólafur Jóhannesson	1998	11,1		3,06	1:42,9	
Ríkharður Snæbjörnsson	1999	11,8		2,54	1:49,3	
Styrmir Benediktsson	2001	12,7		2,52	1:53,4	
Viðar Janus Helgason	1997	10,8		3,24	1:49,6	
Vilhelm Freyr Steindórsson	2002	14,1		1,63	2:03,2	
Þórarinn Guðni Helgason	1999			2,54		

## Stelpur

Nafn	ár	60 m	sek	langst.m.	400 m	min
Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	1998	12,0		3,01	1:51,3	
Ásthildur Ragnarsdóttir	2003	18,7		1,14	3:24,6	
Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir	1996	10,1		3,35	1:52,5	
Guðrún Jóhannesdóttir	2000	12,5		2,68	1:52,9	
Inga Hanna Gunnarsdóttir	1996	10,0		3,37		
Sigrún Stefánsdóttir	2003	13,5		2,05	2:36,7	
Sólrun Inga Gísladóttir	1996	11,5				

Ólafur Jóhannesson fékk 17. júní bikarinn fyrir besta afrekið en það var langstökk upp á 3,06 sem gefur 715 stig samkvæmt stígatöflu.

## Sælt veri fólkið

Eins og sum ykkar vita ætlum við kotbændur í Villingaholti II að leggja land undir fót. Það hefur blundað í okkur, í nokkur ár, að prófa að búa í Danmörk, barnabörn og fleira hafa togað í. En alltaf sögðum við “já, já, seinna”. En svo þegar ég varð fyrir hnjaski í fyrrasumar og Nonni veiktist svo í vetur, þá rann upp fyrir okkur ljós að kannski var ekkert “seinna”. Svo við ákváðum bara að drífa í þessu. En tilhlökkunin er söknuði blandin, sveitin er yndisleg, hér er okkur búið að líða vel og við höfum kynnst frábæru fólki. Svo það er margs að sakna og kannski komum við til baka. Sem stendur er gert ráð fyrir ársdvöl ytra. Þar sem við komum ekki til með að geta farið um til að kveðja, þá brugðum við á það ráð að senda þessar línur. Bestu kveðjur og þakklæti frá okkur og óskir um farsæld og velgengni ykkur öllum til handa.

Kristín og Nonni  
Villingaholt II

### **P.S. Gáta fyrir næsta þorrablot:**

Ég er búin að hella kaffinu niður. Við hvern er ég að tala?

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps -ferðalag 16. júlí!**

Ágætu kvenfélagskonur!

Nú er komið að því að við gerum okkur dagamun og förum í okkar árlegu skemmtiferð. Farið verður fimmtudaginn 16. júlí og munum við að þessu sinni heimsækja Rangárþing. Lagt verður af stað frá Þjórsárveri stundvíslega kl. 11:00 og er áætluð heimkoma síðla dags. Þanta þarf í ferðina í síðasta lagi sunnudaginn 12. júlí hjá Dísu í síma 486-3324 eða Ellu Veigu í síma 486-3344. Takið nú daginn frá konur og sjáumst sem flestar!

Skemmtinefndin.

## Flóðgáttin

Gísli Halldórsson í Króki gerði sér ferð til umsjónarmanns Flóðgáttarinnar með kveðskap góðan í farteskinu. Fyrri þrjár vísurnar urðu til hjá Gísla á gönguferð eftir lestur síðustu Flóðgáttar. Fjórða vísan fjallar um nýlegar vegabætur sem gerðar voru niður í Pörtum og víðar.

### Flóamannavísur

*Gerðafeðgar gera það  
gott í vísnaþralli.  
Þó að slæðist eflaust að  
ofurlítill galli*

*Situr einn í sæti-For  
sem uppfræðir lýði.  
Titta- fáa hefur –hor  
hann í vísnaþmiði*

*Gleður sprund og heillar hal  
heimaunninn staka.  
Viljann fyrir verkið skal,  
vinur, ávalt taka*

Ólafur í Forsæti sendi einnig inn nokkrar línu í bundnu máli sem svar við síðasta Flóðgáttarþætti.

*Hógværð þrýðir herra Geir,  
hann mér sníður stöku.  
Saman smíðum síðar meir,  
seint þó líði á vöku.*

*Hagyrðinga' að hitta slynga,  
helst má yngja þína sál.  
Ei mun þvinga okkar þyngja,  
áfram syngjum stuðlamál.*

Umsjónarmaður þakkar fyrir þessar innsendingar og minnir enn á að Flóðgáttin er öllum opin sem lúra á kveðskap ortum að ýmsum tilefnum.

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

## Frá Umf. Vöku:

### 17. júní mót Umf. Vöku -úrslit

#### *60m hlaup stráka*

1. Arnar Einarsson	8,9 sek
2. Halldór Bjarnason	9,2 sek
3. Ægir Atlason	9,8 sek
4. Sveinn Orri Einarsson	9,9 sek
5. Víkingur Freyr Erlingsson	10,0 sek
6. Þorgils Kári Sigurðarson	10,1 sek
7. Ýmir Atlason	11,4 sek
8. Sigurður J. Bogans	11,8 sek
9. Dagur Fannar Einarsson	11,9 sek
10. Unnsteinn Reynisson	12,4 sek
11. Sæþór Atlason	14,7 sek
12. Sigurjón Reynisson	18,9 sek
13. Hjalti Geir Jónsson	23,9 sek
Gestir	
Hermann Snorri Hoffritz	8,8 sek
Ólafur Týr Stefánsson	13,2 sek
Atli Guðmundsson	13,8 sek

#### *60m hlaup stelpna*

1. Guðrún Inga Helgadóttir	9,8 sek
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	10,4 sek
3. Marta Brynjólfsdóttir	14,0 sek
4. Kolbrún Katla Jónsdóttir	14,5 sek
5. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	15,2 sek
6. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	15,4 sek
7. Elizabeth Karen Bogans	15,5 sek
8. Klara Sól Ólafsdóttir	16,3 sek
9. Aldís Tanja Söndrudóttir	18,4 sek
10. Soffía Náttól Andradóttir	25,6 sek
11. Ólöf Vala Heimisdóttir	34,5 sek
12. Laufey Árnadóttir	35,2 sek
Gestir	
Dagbjört H. Ívarsdóttir	10,3 sek
Rakel Ýr Stefánsdóttir	10,5 sek

#### *Langstökk stráka*

1. Ægir Atlason	4,11m
2. Halldór Bjarnason	4,01m

3. Arnar Einarsson	3,93m
4. Víkingur Freyr Erlingsson	3,54m
5. Sveinn Orri Einarsson	3,43m
6. Þorgils Kári Sigurðarson	3,20m
7. Ýmir Atlason	2,90m
8. Sigurður J. Bogans	2,45m
9. Pétur Þór Brynjólfsson	2,32m
10. Dagur Fannar Einarsson	2,19m
11. Sæþór Atlason	1,90m
12. Unnsteinn Reynisson	1,44m
13. Eiríkur Árnason	1,38m
14. Sigurjón Reynisson	0,93m
Gestir	
Hermann Snorri Hoffritz	4,22m
Kristján Örn Benediktsson	2,46m
Atli Guðmundsson	1,58m

#### *Langstökk stelpna*

1. Guðrún Inga Helgadóttir	3,77m
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	3,22m
3. Marta Brynjólfsdóttir	2,02m
4. Kolbrún Katla Jónsdóttir	1,95m
5. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	1,66m
6. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	1,60m
7. Klara Sól Ólafsdóttir	1,57m
8. Elizabeth Karen Bogans	1,52m
9. Soffía Náttól Andradóttir	0,69m
10. Laufey Árnadóttir	0,66m
11. Ólöf Vala Heimisdóttir	0,40m
Gestur	
Dagbjört H. Ívarsdóttir	3,28m

#### *Kúluvarp stráka*

1. Halldór Bjarnason	9,96m
2. Víkingur Freyr Erlingsson	9,28m
3. Sveinn Orri Einarsson	9,07m
4. Arnar Einarsson	8,04m
5. Þorgils Kári Sigurðarson	7,10m
6. Ægir Atlason	6,88m
7. Ýmir Atlason	4,88m
8. Pétur Þór Brynjólfsson	4,75m
9. Sigurður J. Bogans	4,48m
10. Sæþór Atlason	3,18m
11. Unnsteinn Reynisson	2,85m
12. Dagur Fannar Einarsson	2,81m
13. Eiríkur Árnason	2,79m

14. Sigurjón Reynisson	1,74m
Gestur	
Atli Guðmundsson	3,91m

### **Kúluvarp stelpna**

1. Guðrún Inga Helgadóttir	8,83m
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	7,27m
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	2,97m
4. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	2,55m
5. Marta Brynjólfsdóttir	1,80m
6. Klara Sól Ólafsdóttir	1,75m
7. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	1,65m
8. Elizabeth Karen Bogans	1,56m
9. Aldís Tanja Söndrudóttir	1,43m
10. Soffía Náttól Andradóttir	0,80m
11. Ólöf Vala Heimisdóttir	0,67m
Gestur	
Dagbjört H. Ívarsdóttir	6,20m

### **400m hlaup stráka**

1. Arnar Einarsson	1:20,1 mín
2. Halldór Bjarnason	1:20,4 mín
3. Sveinn Orri Einarsson	1:25,0 mín
4. Þorgils Kári Sigurðarson	1:29,0 mín
5. Víkingur Freyr Erlingsson	1:31,0 mín
6. Ægir Atlason	1:32,9 mín
7. Ýmir Atlason	1:37,0 mín
8. Dagur Fannar Einarsson	1:48,7 mín
9. Sigurður J. Bogans	2:03,5 mín
10. Unnsteinn Reynisson	2:19,1 mín
11. Sæþór Atlason	2:19,4 mín
12. Pétur Þór Brynjólfsson	2:47,1 mín
13. Sigurjón Reynisson	3:01,1 mín
Gestur	
Ólafur Týr Stefánsson	1:52,8 mín

### **400m hlaup stelpna**

1. Guðrún Inga Helgadóttir	1:36,7 mín
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	1:40,0 mín
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	2:34,9 mín
4. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	2:36,7 mín
5. Elizabeth Karen Bogans	2:42,8 mín
Gestur	
Rakel Ýr Stefánsdóttir	1:42,0 mín
Dagbjört H. Ívarsdóttir	1:46,0 mín

### **Stigakeppni:**

Strákar	Stig
1. Halldór Bjarnason	13
2. Arnar Einarsson	11
3. Ægir Atlason	6
4. Sveinn Orri Einarsson	5
5. Víkingur Freyr Erlingsson	4
6. Þorgils Kári Sigurðsson	1

### **Stelpur**

1. Guðrún Inga Helgadóttir	16
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	12
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	6
4. Marta Brynjólfsdóttir	4
5.-6. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	1
5.-6. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	1

## **Styrkur frá Menningarráði Suðurlands**

Ungmennafélögin í Flóahreppi hlutu á dögunum styrk frá Menningarráði Suðurlands fyrir uppsetningu á leikverkinu Páskahreti eftir Árna Hjartarson. Styrkurinn nam 300.000 kr. Er það mikill styrkur fyrir ungmennafélögin og viðurkenning á menningarstarfi þeirra. Ungmennafélögin vilja hér með koma á framfæri kærum þökkum fyrir þessa viðurkenningu.

Ungmennafélögin

## Fjör í Flóa - Gífurleg átök við Þjósárver

Á Fjöri í Flóa í júnímánuði stóð ungmennafélagið Vaka fyrir fjölskylduskemmtun í Þjósárveri. Fjölmargir lögðu leið sína þangað bæði til hitta hitti vini og nágranna og eiga með þeim skemmtilega kvöldstund og einnig til að fylgjast með reiptogskeppninni ógurlegu sem mikill spenningur var fyrir.

Það voru heiðurskonurnar Elín Bjarnveig Sveinsdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir sem voru höfðingjar að þessu sinni. Tóku þær hlutverk sitt alvarlega og mættu báðar með úrvalslíð til keppinnar. Voru líð þeirra skipuð sem hér segir:

**Elín Bjarnveig Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti**, Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti, Reynir Bjarkason, Árgerði, Gísli Hauksson, Stóru-Reykjum, Hilda Pálmadóttir, Stóra-Ármóti, Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ, Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli, Bjarni Pálsson, Syðri-Gróf og Anný Ingimarsdóttir, Vorsabæjarhjáleigu var varamaður.

**Ingibjörg Einarsdóttir, Langsstöðum**, Rúnar Hjálmarsson, Langsstöðum, Ágúst Hjálmarsson, Langsstöðum, Einar Hjálmarsson, Langsstöðum, Jón Valgeir Geirsson, Lyngholti, Stefán Geirsson, Gerðum, Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki, og Margrét Jónsdóttir, Syðra-Velli.

Keppnin milli liðanna var æsispennandi og þurfti þrjár keppnir til að skera úr um sigurvegarann. Að lokum fór það svo að lið Elínar hafði betur og vann tvær keppnir af þremur. Keppnin var hinsvegar ótrúlega jöfn og spennandi og mátti varla á milli sjá hvor hefði betur. Umf. Vaka þakkar höfðingjunum og liðsmönnum þeirra kærlega fyrir skemmtilega og drengilega keppni.

Við Þjósárver gátu gestir reynt að lyfta „Villingaholtssteðjanum“ en hann vegur 50 kg og er illur viðureignar. Til að lyfta teljist lögleg á að lyfta steðjanum á nefinu með annari hendi og rétta úr sér. Fjölmargir reyndu við steðjann en áttu erfitt með að ná gripi og upp vildi steðjinn ekki. Nokkrir náðu þó að hnika honum aðeins til og náði Heimir Bjarkason frá Mjósyndi þar bestum árangri. Umf Vaka stefnir á að halda við þessari keppni þannig að nú er ekkert annað að gera en að æfa sig fyrir átök næsta árs.

Umf Vaka

## Aðhlyning á íþróttavelli

Íþróttavöllurinn við Þjósárver fékk svolitla aðhlynnigu í góðviðri 7 júní sl.

Þar hittust nokkrir ungmennafélagar á traktorum, tilbúnir með sanddrei-fara, valtara og skóflu (framan á traktor). Fenginn var sandur úr sandgry-fjum frá Mjósyndi til að dreifa um völinn. Þetta styrkir efra lagið á vel-linum svo hann verður harðari og betur undirbúinn undir íþróttálag. Einnig virkar sandur sem dren í miklum rigningum og þess vegna ætti hann



að þola frostið betur og koma betur undan næsta vetri. Einnig var hann vel valtaður til að jafna hann eftir veturinn og þjappa sandinn niður í moldina. Þá var 400 metra hringurinn og 100 metra brautin sérstaklega vel völтуð. 15 traktorsskóflur fóru á völlinn eða nálægt 15 tonnum. Einnig var stráð létt yfir tjaldsvæðin og þau völтуð á eftir. Sandi var bætt í báðar langstökksgryfjurnar og hástökksdýnurnar teknar út.

Vaka vill þakka þeim sem lögðu fram vinnu og lánuðu verkfæri til verksins. Traktorar frá Urriðafossi, Egilstaðakoti og Egilsstöðum II. Sérstakar þakkir fá Jón í Villingaholti fyrir lánið á valtaranum og Búnaðarfélag Hraungerðishrepps fyrir lánið á sanddreifaranum, hvort tveggja án endurgjalds.

## Formaður

### Innanfélagsmót Umf. Vöku, 18. júní Úrslit

Kringlukast kvenna:

- |                                    |        |
|------------------------------------|--------|
| 1. Fanney Ólafsdóttir              | 22,57m |
| 2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir       | 20,64m |
| 3. Guðmunda Ólafsdóttir            | 20,32m |
| 4. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir | 15,13m |
| 5. Helga Björg Helgadóttir         | 14,09m |

Langstökk kvenna:

- |                              |       |
|------------------------------|-------|
| 1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir | 4,38m |
| 2. Fanney Ólafsdóttir        | 4,24m |
| 3. Helga Björg Helgadóttir   | 3,93m |
| 4. Guðmunda Ólafsdóttir      | 3,88m |

Kúluvarp kvenna:

- |                                    |       |
|------------------------------------|-------|
| 1. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir | 8,66m |
| 2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir       | 7,84m |
| 3. Helga Björg Helgadóttir         | 7,50m |
| 4. Guðmunda Ólafsdóttir            | 7,27m |

Kringlukast karla:

- |                            |        |
|----------------------------|--------|
| 1. Bjarni Már Ólafsson     | 27,47m |
| 2. Haraldur Einarsson      | 26,02m |
| 3. Heimir Rafn Bjarkason   | 25,16m |
| 4. Reynir Bjarkason        | 24,95m |
| 5. Tómas Karl Guðsteinsson | 21,87m |

Langstökk karla:

- |                          |       |
|--------------------------|-------|
| 1. Haraldur Einarsson    | 6,11m |
| 2. Bjarni Már Ólafsson   | 5,93m |
| 3. Heimir Rafn Bjarkason | 5,02m |

- |                               |       |
|-------------------------------|-------|
| 4. Tómas Karl Guðsteinsson    | 4,73m |
| 5. Hróbjartur Heiðar Ómarsson | 3,98m |

Kúluvarp karla:

- |                               |        |
|-------------------------------|--------|
| 1. Reynir Bjarkason           | 10,64m |
| 2. Haraldur Einarsson         | 10,06m |
| 3. Bjarni Már Ólafsson        | 9,85m  |
| 4. Heimir Rafn Bjarkason      | 9,49m  |
| 5. Tómas Karl Guðsteinsson    | 7,93m  |
| 6. Hróbjartur Heiðar Ómarsson | 7,53m  |

### 2. innanfélagsmót Umf. Vöku

Nú er komið af öðru innanfélagsmóti af þremur og verður það haldið á vellinum við Þjósárver þann 26 júlí n.k. Nú verður keppt í þrístökki, spjótcasti og hástökki. Mótið hefst stundvíslega klukkan 20:15 og eru allir hvattir til að mæta sem fæddir eru fyrir 1996.

Íþróttanefnd

# Íþróttافرéttir

## Landsmót UMFÍ

verður haldið á Akureyri dagana 9.-12. júlí n.k. Mótið er afmælistmót, en fyrsta landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri 1909. Fjölmargir keppendur verða í liði HSK og þar af margir frá ungmennafélögunum í Flóahreppi. Flestir þeirra keppa í frjálsum íþróttum, starfsíþróttum og glímu, en einhverjir í hópíþróttum. Fólk er hvatt til að leggja leið sína á Akureyri þessa daga og fylgjast með þessum stóra íþróttaviðburði, en fyrir þá sem heima sitja er bent á að sjónvarpið mun vera með samantektarpætti öll kvöld keppnisdaganna.

## Héraðsmót HSK

Haldið á Laugarvatni dagana 23. og 24. júní 2009. Ungmennafélög Flóahrepps tefldu í fyrsta sinn fram sameiginlegu keppnisliði undir nafninu Þjótandi. Þjótandi hlaut samanlagt 122 stig og endaði í 3. sæti í heildarstigakeppni félaga. Haraldur Einarsson varð hins vegar stigahæsti karlkeppandi mótsins

<b>Bjarni Már Ólafsson</b>	Spjótkast	40,76m	2. sæti
	100m hlaup	12,49sek	3. sæti
	Þristökk	12,77m	2. sæti
	Langstökk	5,92m	3. sæti
	Kringlukast	27,25m	2. sæti
	Stangarstökk	3,00m	2. sæti
<b>Fanney Ólafsdóttir</b>	Kringlukast	15,82m	10. sæti
<b>Hallfríður Ó. Aðalsteinsd.</b>	Kringlukast	22,31m	3. sæti
	Kúluvarp	9,53m	2. sæti
<b>Haraldur Einarsson</b>	Spjótkast	41,30m	1. sæti
	100m hlaup	11,94sek	1. sæti
	400m hlaup	53,47sek	1. sæti
	200m hlaup	23,94sek	1. Sæti
	Langstökk	6,14m	2. sæti
	Stangarstökk	3,10m	1. sæti
<b>Ingunn H. Bjarkadóttir</b>	Spjótkast	22,43m	6. sæti
	Hástökk	1,50m	2. sæti
	Kringlukast	18,78m	8. sæti
	Langstökk	4,52m	3. sæti
	Kúluvarp	7,85m	6. sæti
<b>Matthildur M. Guðmundsd.</b>	400m hlaup	1:12,63mín	4. sæti
	Hástökk	1,15m	7. sæti
	Kringlukast	16,50m	9. sæti
	Langstökk	3,83m	7. sæti
	200m hlaup	31,05sek	6. sæti
	Kúluvarp	5,83m	9. sæti
<b>Tómas K. Guðsteinsson</b>	Spjótkast	30,77m	8. sæti
	100m hlaup	13,74sek	8. sæti

	Þrístökk	9,88m	5. sæti
	Langstökk	4,74m	7. sæti
	800m hlaup	2:52,58mín	3. sæti
<b>Kristinn Þór Kristinsson</b>	400m hlaup	56,28sek	2. sæti
	1500m hlaup	4:32,95mín	1. sæti
	800m hlaup	2:03,94mín	1. sæti
	5000m - Jónshlaup	18:19,70mín	1. sæti
<b>Sveit Þjótanda</b>	4x100m boðhlaup	48,79sek	1. sæti

- Kristinn Þór, Bjarni Már, Tómas Karl og Haraldur

## Aldursflokkamót HSK 11 - 14 ára

Haldið í Þorlákshöfn 27. júní 2009. Þjótandi, sameiginlegt keppnislið ungmennafélaga Flóahrepps, átti þrjá keppendur á mótinu sem stóðu sig með mikilli þrýði. Ægir Atlason hlaut m.a. viðurkenningu fyrir besta afrek mótsins er hann stókk 4,16 m í langstökki, sem er frábær árangur. Þjótandi sá sömuleiðis fyrir fjórum starfsmönnum á mótið sem sáu um spótkast. Þetta voru þau Guðmundur Bjarnason, Guðmunda Ólafsdóttir, Haraldur Einarsson og Ingunn Harpa Bjarkadóttir. Ingibjörg Markúsdóttir þjálfari var einnig til staðar á mótinu.

### Piltar 13 ára

<b>Arnar Einarsson</b>	Spjótkast (400gr)	21,72m	3. sæti
	Hástökk	1,25m	2. sæti
	Kúluvarp (3,0kg)	6,41m	3. sæti
	100m hlaup	14,96sek	2. sæti
	Langstökk	3,95m	2. sæti

### Stelpur 12 ára

<b>Guðrún Inga Helgadóttir</b>	Spjótkast (400gr)	24,24m	1. sæti
	Hástökk	1,15m	1. sæti
	Kúluvarp (2,0kg)	8,51m	1. sæti
	60m hlaup	10,34sek	1. sæti
	Langstökk	3,73m	1. sæti

### Strákar 11 ára

<b>Ægir Atlason</b>	Spjótkast (400gr)	18,74m	3. sæti
	Hástökk	1,25m	1. sæti
	Kúluvarp (2,0kg)	7,01m	3. sæti
	60m hlaup	10,32sek	1. sæti
	Langstökk	4,16m	1. sæti

## Héraðsleikar 10 ára og yngri

Voru haldnir samhliða aldursflokkamóti 11 - 14 ára, 27. júní í Þorlákshöfn. Þjótandi átti þar fjóra keppendur sem stóðu sig sömuleiðis mjög vel en það voru þau Ýmir Atlason, Dagur Fannar Einarsson, Stefán Narfi Bjarnason og Eyrún Gautadóttir. Úrslit af því móti voru ekki komin inn en verða væntanlega birt síðar.

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.  
Nýsmíði, viðhald, breytingar.  
Erum með traktors- og beltagröfu.

## Kríutangi ehf

### Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S:893-4933

### Dagskrá mánaðarins

Fótbolti í Einbúa	5. júlí
Íþróttæfing í Einbúa og Þjórsárveri	7. júlí
Landsmót UMFÍ á Akureyri	9.-12. júlí
Fótbolti í Einbúa	12. júlí
Íþróttæfing í Einbúa og Þjórsárveri	14. júlí
Ferðalag Kvf. Villingaholtshrepps	16. júlí
Fótbolti í Einbúa	19. júlí
Íþróttæfing í Einbúa og Þjórsárveri	21. júlí
Grillkvöld í Skagási	21. júlí
2. Innanfélagsmót Umf. Vöku	26. júlí
Fótbolti í Einbúa	26. júlí
Íþróttæfing í Einbúa og Þjórsárveri	28. júlí



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160